

Auglýsing um fólkvang við Álfaborg í Borgarfirði eystra, Norður-Múlasýslu

Að tillögu hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið að friðlýsa Álfaborg í Borgarfirði eystra með nokkurri spildu umhverfis eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti. Hefur svæðið þannig verið fellt að skipulagi Bakkagerðiskauptúns og er friðað sem fólkvangur samkvæmt 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Takmörk fólkvangsins eru sem hér segir:

Mörk svæðisins mynda sexhyrning um Álfaborg og nær það frá aðalgötu um kaupúnið samkvæmt uppdrætti 465 metra til suðvesturs en er breiðast 265 metra (milli horna).

*Um hið friðlýsta svæði gilda eftirfarandi reglur:*

1. Gangandi fólki er þar heimil för enda gangi menn snyrtilega um og varist að skerða gróður og raska jarðmyndunum.
2. Óheimilt er að beita búpeningi innan fólkvangsins sem verður girtur fjárheldri girðingu innan árs frá gildistöku þessarar friðlýsingar.
3. Umferð hvers konar ökutækja er óheimil.
4. Breytingar á landi, mannvirkjagerð og jarðrask er bannað nema eftir skipulagi sem [Umhverfisstofnun] hefur samþykkt.
5. Heimilt er að planta á svæðið trjágróðri að ráði kunnáttumanna en þó ekki í sjálfa Álfaborgina þar sem haldið skal náttúrlegum gróðri.

Eftirlit með fólkvanginum er í höndum hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt stofnun fólkvangsins og tekur stofnun hans gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. mars 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

---

Birgir Thorlacius